

Forsaga:

Bæjarráð 12.6.1944 og bæjarstjórn 4.7.1944

Lagt til að Þóri Baldvinssyni verði leigt land undir sumarbústað í Hraunhvammi, skammt norðan Kaldársels (mælist ca 820m í beinni línu frá Kaldárseli)

Staðfesting bókunar send til Baldvins þ Kristjánssonar þann 28.6.61

Baldvin þ Kristjánsson sendi bréf til bæjarstjórnar dags. 6.6.1969:

Dregist út hömlu að fá leigusamning eða bréf frá Hafnarfjarðarbæ varðandi leiguland það sem fylgir sumarbústað þeim sem hann keypti árið 1954. Hefur ummæli fyrri eigenda um úthlutun lands, í bæjarr. 12.6.'44 og staðf. bæjarstj. 4.7.

Landið uppmælt 23.7.1969 (ÁS og RLK) skv. meðfylgjandi uppdrætti og mælist ca. 5180m²

Baldvin sendir bréf til bæjarráðs dags. 12.6.1974:

Þar óskar hann eftir lóðaleigusamningi. Lýsir staðháttum: afmarkað jarðfall, sem girt er nálega eftir brúnum þess, enda þótt gjótan sé nálega sjálfgirt. Á staðnum hafa verið gróðursett tré og hlaðnir hraunveggir, m.a. sem hluta af ofangreindri girðingu (sést vel á loftmyndinni). Við kaup var nefndur 99ára erfðafestusamningur???

Tekið fyrir í bæjarráði 27.6. 1974 og bæjarstj. 9.7.

Bréf frá Hafnarfjarðarbæ dags. 11.7.1974.

Vegna lóðaleigusamnings, eftirfarandi tillaga samþ. í bæjarstj. 9.7.1974:

Bæjarstjórn samþykkir að leigusamningur fyrir 1000m² lóð verði gefinn út til handa BPK og KB samkv. nánari skilmálum bæjarverkfræðings.

Það land sem er nú innan girðingar og er umfram þessa 1000m², heimilast leigutaka að nýta fyrst um sinn eða þar til bæjarsjóður þarf á því að halda, en þá ber leigutaka að skila því aftur án bóta fyrir ræktun og mannvirki þau sem kunna að vera á því.

Umrætt sumarbústaðaland er bæði innan nærmarka vatnsverndar og innan friðlýsingarmarka Kaldárhrauns og Gjáanna.

Skráning hjá FSÍ (áður FMR): þjóðskrárnúmer 4760-3900 landnúmer 121314 og stærð 5000m²